

„Vor Guð er borg á bjargi traust“

Um íslenskar þýðingar sálmsins

Sálmurinn „Vor Guð er borg á bjargi traust“ er einn frægasti sálmur Marteins Lúthers (1483–1546).¹ Ekki er öruggt hvenær Lúther samdi þennan sálm og hafa árin allt frá 1521–1530 verið nefnd. Líklegast þykir nú að sálmurinn sé saminn einhvern tímann árið 1528.² Þá rambaði Þýskaland á barmi borgarastyrjaldar. Eins höfðu komið upp deilur í röðum siðbótarmanna um skilninginn á altarissakramentinu og klufu deilurnar raðir mótmælenda. Svarti dauði hafði herjað á heimaborg Lúthers, Wittenberg, og loks ógnaði Tyrkjaveldi þýska keisaradæminu og þar með Vestur-Evrópu allri. Í sálminum talar Lúther inn í allar þessar aðstæður og æ síðan hefur sálmurinn verið til styrktar og uppörvunar þeim sem búa við ógnir og hættur og á gleðistundum hefur fólk líka gripið til sálmsins til að tjá fögnuð sinn. Í elstu handritum er hann nefndur „Trostlied“ — huggunarljóð.³

Sálmurinn er útlekking á Davíðssálmi 46 og er yfirskrift hans latneskt heiti Davíðs-sálmsins í hinni latnesku biblíuútgáfu Vúlgötu: *Deus noster refugium et virtus* — Guð vor er hæli og styrkur. Þessi þýðing Vúlgötu er ekki fyllilega í samræmi við hebreska frumtextann en rétt þýðing hans er „Guð er oss“ en ekki „Guð vor er“. Þó að Lúther hafi verið hebreskumaður og þýtt Davíðssálmana úr hebresku yfir á þýsku í Biblíuþýðingu sinni lætur hann latneska heitið halda sér þegar hann leggur Davíðssálminn út í ortum sálmi. Í útlekkingu sinni notar Lúther aðallega 1., 8. og 12. vers: „Guð er oss hæli og styrkur, örugg hjálp í nauðum“, 1. vers, og viðlagið „Drottinn hersveitanna er með oss, Jakobs Guð vort vígi“, í 8. og 12. vers. Í biblíuþýðingu Lúthers eru versin á þessa leið:

Gott ist unsre Zuversicht und Stärke. Eine Hilfe in den großen Nöten, die uns getroffen haben. [...] Der HERR Zebaoth ist mit uns; der Gott Jakobs ist unser Schutz.⁴

Í ljóði sínu útleggur hann þessi vers friðslega og lætur þau heyra upp á Krist. Í því birtist skilningur hans á Ritningunni. Að mati Lúthers boðar Biblían Krist og hjálp hans, Jesús Kristus er kjarni Ritningarinnar. Þar með er Jesús líka kjarni Davíðssálma sem Lúther

¹ Um Lúther sem sálmaskáld, sálma hans og þýðingar þeirra á íslensku sjá Einar Sigurbjörnsson, „Sálmar Lúthers“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 2/2013 bls. 53–89. Um áhrif sálma Lúthers á þjóðlíf Norðurlanda sjá Sven-Åke Selander og Karl-Johann Hansson (ritstj.), *Martin Luthers psalmer i de nordiska folkens liv*. Malmö: Arcus, 2008.

² Marcus Jenny, *Luthers Geistliche Lieder und Kirchengesänge. Vollständige Neuedition in Ergänzung zu Band 35 der Weimarer Ausgabe*. Köln-Wien: Böhlau Verlag, 1985, bls. 100–101.

³ Marcus Jenny, *Luthers Geistliche Lieder*, bls. 101. Um guðfræðina í sálmi Lúthers sjá Oddvar Johan Jensen, „Den seirende Kristus – Teologien i *Ein feste Burg*“, *Martin Luthers psalmer i de nordiska folkens liv*, ritstj. Sven-Åke Selander och Karl-Johann Hansson, Malmö: Arcus, 2008, bls. 243–250.

⁴ Sálmur 46 í þýðingu Lúthers er aðgengilegur á vefsíðunni *Bibel-Online.net*. Sótt af http://www.bibel-online.net/buch/luther_1912/psalm/46/. Sótt 20. apríl 2014.

álítur að geymi allt efni Biblíunnar eins og hann segir í formálanum að Saltaranum í Biblíunni:

Og þar fyrir ætti Saltarinn helst dýrmætur og hjartkær haldinn að vera það hann Jesú Kristí dauða og upprisu svo klárlegana útskýrir og fyrir segir og hans ríkisstjórnann og allrar kristninnar stétt og atferði ljóslega fyrirmyndar svo það hann mætti vel kallast hin minni Biblía í hverri það hið ágætlegasta innilukt og í stuttu máli yfir farið er allt hvað út í hinni megin Biblíunni þá stendur og er svo út í einn ágætlegan Enchiridion eða litla handbók saman sett og til búin.⁵

Saltarinn er m.ö.o. sú bók sem segir sögu Jesú Krists í stuttu máli. Ljóð Lúthers tjáir trúartraust og von á róstudómum tímum. Þó að vald ofsækjenda og óvina virðist mikið er vald Jesú Krists meira.

Frumtexti Lúthers er á þessa leið:⁶

- | | |
|---|---|
| 1. Ein feste burg ist unser Gott,
Ein gute wehr und waffen;
Er hilfft unns frey aus aller not,
die uns ytzt hat betroffen.
Der alt böse feind,
mit Ernst er ytzt meint,
gross' macht und viel list
sein grausam rüstung ist;
auf erd ist nicht seins gleichen. | Guð vor er öruggt vígi,
góður skjöldur og vopn.
hann frelsar oss úr allri neyð
sem vér höfum lent í.
Hinn gamli, reiði óvinur
gengur fram með ákafa
mikil völd og margs kyns svik
eru hans grimmu vopn;
á jörðu er enginn líki hans. |
| 2. Mit unser macht is nichts gethan,
wir sind gar bald verloren;
Es streit fur uns der rechte man,
den gott hat selbst erkoren.
Fragstu, wer der ist?
Er heist Jhesu Christ,
der Herr Zebaoth,
Und ist kein ander Gott;
das feld mus er behalten. | Við vinnum ekkert í eigin krafti,
og erum við það að glatast;
hinn rétti maður berst fyrir okkur
sá sem Guð hefur sjálfur útvalið.
Ef þú spyrð að heiti hans
heitir hann Jesús Kristur,
Drottinn allsherjar,
enginn annar er Guð;
hann hlýtur að halda velli. |
| 3. Und wenn die welt vol teuffel wehr
und wolt uns gar vorschlingen,
So fürchten wir uns nicht zu sehr,
Es sol uns doch gelingen.
Der Fürst dieser Welt,
Wie saur er sich stellt,
thut er unns doch nicht,
das macht: er ist gericht.
Ein wörtlin kan yhn fellen. | Þótt veröldin væri full af djöflum
sem vildu gleypa okkur
þá óttumst við ekki
heldur munum við ná árangri.
Þó að höfðingi heimsins
nú ygli sig
mun það ekki snerta okkur
því að hann er þegar dæmdur.
Eitt orð getur fellt hann. |

⁵ *Guðbrandsbiblía*, ljósprentuð útgáfa, Reykjavík: Lithoprent, [1584] 1956–1957, bls. CCXXXVII.

⁶ Marcus Jenny, *Luthers geistliche Lieder*, bls. 248–249.

4. Das wort sie sollen lassen stahn
 unnd kein danck dazu haben;
 Er ist bey unns wol auff dem plan
 mit seinem geist und gaben.
 Nemen sie den leib,
 gut, ehre, kindt unnd weib,
 las faren dahin;
 sie habens kein gewin:
 das reich mus uns doch bleiben.

Orðið skulu þeir láta í friði
 og ekki hljóta fyrir það neinar þakkir,
 hann er með okkur
 með anda sínum og gjöfum.
 Þótt þeir taki líkamann,
 eigur, heiður, börn og eiginkonu
 skiptir það engu máli,
 þeir munu ekki hagnast á því,
 ríkið verður okkar.

Í fyrsta versu leggur Lúther áherslu á að Guð sé örugg borg eða vígi, kastali, og er bæði skjöldur og vopn sem er okkur til hjálpar í hverju eina sem okkur geti hent. Hinn gamli, reiði óvinur er grimur og vel útbúinn og á sér engan líka á jörðu. Hugsanlega á Lúther við einhvern sérstakan óvin svo sem páfann eða Tyrkjann, villutrúarmenn eða ógnir sjúkdóma og hvers konar plágu. Það er þó öllu líklegra að hann eigi umfram allt við þær ógnir sem á hverjum tíma steðja að hvort sem þær eru af völdum manna eða af öðrum ástæðum. Í þeim ógnum birtist óvinur mannkynsins eða „höfðingi þessa heims“ (sbr. Jóh 14.30) — „Der Fürst dieser Welt“ (3. vers). Þó að völdugir höfðingjar og ógnvænlegar aðstæður séu miklar og valdi ótta, skelfingu og örvæntingu er að baki þeim ennþá meiri ógn og það er ógn djöfulsins. Hún mun vara við eins þótt tímanlegar ógnir hverfi. Í versinu bergmála orð postulans úr Efesusbréfinu:

Því að baráttan sem við eigum í er ekki við menn af holdi og blóði heldur við tignirnar og völdin, við heimsdrottna þessa myrkurs, við andaverur vonskunnar í himingimnum. (Ef 6.12)

Í öðru versu er ítrekað hversu menn andspænis ógnum og áþján finna fyrir algeru bjargar- og máttleysi — eigin kraftar eru einskis megnugir. En þar er kynntur til sögunnar sá sem getur umbreytt ástandinu og vill berjast með okkur. Það er sá maður sem Guð sjálfur hefur útvalið og nafn hans er Jesús Kristur. Og Jesús er meira en maður. Hann er líka Guð, Drottinn allsherjar sjálfur — „der Herr Zebaoth“ — holdi klæddur. Það gerir hann einstakan, enginn annar maður er jafnframt Guð — „und ist kein ander Gott“. Hann er sterkari en hinn grimmi óvinur og hlýtur að halda velli. Hallgrímur tók þessa hugsun Lúthers upp löngu síðar í 43. Passíusálmum og orðaði hana svo:

Ófullkomleika allan minn
 umbætti guðdómskraftur þinn.

Í þriðja versu hljómar sigursöngur þeirra sem treysta Jesú í hverri ógn sem að getur steðjað. Þó að heimurinn fyllist af djöflum sem leitast við að gleypa okkur (sbr. 1Pét 5.8) og höfðingi heimsins, djöfullinn, sýni vald sitt með ýmsu móti megna þær ógnir einskis móti þeim sem hefur þegar dæmt óvininn úr leik og er Jesús (sbr. Jóh 16.11). Eitt orð — „Ein wörtlin“, smáorð, orðkorn — getur fellt hann. Hvaða orð er það? Það er Jesús Kristur sjálfur sem hefur lýst eðli hins vonda þegar hann segir: „Þegar djöfullinn lýgur fer hann að eðli sínu því hann er lygari og lyginnar faðir.“ (Jóh 8.44) Meðal lyga hans er að hann sé

sterkari en allir og illskan í heiminum muni fara með sigur af hólmi. Lokahending 3. vers kallast þar með á við niðurlag fyrsta vers þar sem djöfullinn er sagður eiga engan sinn líka á jörðu. Það er lygi, segir hér. Jesús er sterkari og hefur dæmt djöfulinn úr leik.

Fjórða vers er áframhald sigursöngsins. Óvinirnir hljóta að láta orð Guðs standa óhaggað og það er ekki þeim að þakka. Orðið hér vísar á Jesú sjálfan sem er orð Guðs (sbr. Jóh 1.1–4, 14). Hann er hjá okkur með anda sínum og gjöfum. Jafnvel þótt óvinirnir svipti okkur öllu því sem er kært, líkama, eignum, börnum og maka, hagnast þeir ekki á því vegna þess að ríki Guðs er okkar.

Þessi sálmur Lúthers náði strax mikilli útbreiðslu og á þeim ófriðartímum sem fóru í hönd var hann fljótlega sunginn til hvatningar og uppörvunar af fylgjendum Lúthers og siðbótarinnar. Í þrjátíu ára stríðinu 1618–1648 varð sálmurinn sigursöngur meðal mótmælenda. Og oft síðan hefur fólk gripið til hans. Það gerðist m.a. á dögum síðari heimsstyrjaldar að fólk í Danmörku og Noregi greip til sálmsins til að tjá andúð sína á þýska hernámsliðinu.⁷ Á seinni árum hefur sálmurinn ratað inn í sálmabækur rómversk-kaþólskra og þar með fengið samkirkjulega þýðingu.

Lagið við sálminn

Það er ekki síst lagið sem hefur ýtt undir vinsældir sálmsins en Lúther mun hafa samið það sjálfur. Það varð vinsæll lagboði við sálma hér á landi. Hallgrímur hefur það að lagboða við 20. Passíúsálm og fleiri sálma sína. Matthías Jochumsson (1835–1920) yrkir einn sálma sinna fyrir útför Jóns Sigurðssonar 1880 við lagið og líkir hann Jóni Sigurðssyni þar við Lúther.⁸ Kantata Bachs nr. 80 er út frá sálmi Lúthers og er ætluð til flutnings á siðbótardaginn 31. október. Á 300 ára afmæli Ágsgarjarjátningarinnar 1830 gerði Felix Mendelsohn Bartholdy sinfóníu sem nefnist Siðbótarsinfónían þar sem hann notar sálm Lúthers í lokakafla verksins.

Ýmsir hafa tengt lagið við hergöngulag og líkt taktinum við marstakt og vissulega er orðalag tengt hernaði og vopnaburði áberandi í texta sálmsins. Þess vegna hefur sálmurinn oft verið settur í samband við stríðsátök og talið að Lúther hafi jafnvel hugsað sálminn sem baráttusöng handa her sem skundaði fram til átaka. En Lúther yrkir umfram allt um andleg átök og um andleg vopn. Í Davíðssálmi 46 er sungið um Jerúsalem sem öruggt vígi af því að Guð býr í henni. „Komið, sjáið dáðir Drottins“, segir í 9. versu Davíðsálmsins og í 10. versu segir að Drottinn brjóti bogann, mölvi spjótið og brenni skildi í eldi. Páll postuli talar í Rómaverjabréfinu um réttlætisvopn sem kristnir menn eiga að beita (Róm 6.13) og í Efesusbréfinu eru lesendur hvattir til að taka „alvæpni Guðs“ til að veita mótstöðu

⁷ Sjá Aage Haavik 2008, „Anti-nazistisk markering utenfor Nidarosdomen 1942“, *Martin Luthers psalmer i de nordiska folkens liv*, ritstj. Sven-Åke Selander och Karl-Johann Hansson, Malmö: Arcus, 2008, bls. 62–67 og Vagner Lund, „Et dansk perspektiv“, *Martin Luthers psalmer i de nordiska folkens liv*, ritstj. Sven-Åke Selander och Karl-Johann Hansson, Malmö: Arcus, 2008, bls. 68–70; sbr. Hannu Vapaavuori 2008, „Tröst i krig och pomp vid fest i Finland“, *Martin Luthers psalmer i de nordiska folkens liv*, ritstj. Sven-Åke Selander och Karl-Johann Hansson, Malmö: Arcus, 2008, bls. 45–47. Sjá nánar um menningarsöguleg áhrif sálmsins hjá Anders Malling, *Danske salme historie*, bindi V, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1966, bls. 163–164. Sjá líka *A Mighty Fortress Is Our God*, sótt af http://en.wikipedia.org/wiki/A_Mighty_Fortress_Is_Our_God. Sótt 15. mars 2014.

⁸ *Sálmabók íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Kirkjuráð, 1972, nr. 521. Sjá Einar Sigurbjörnsson, „Lær sanna tign þín sjálfs.“ Þegar Jón forseti og frú Ingibjörg voru kvædd hinstu kveðju“, *Ritrið Guðfræðistofnunar*, 2/2011, bls. 18–40.

andstæðingum sínum, vera girtir sannleika um lendar, klæddir réttlæti sem brynju, bera skjöld trúarinnar, hjálm hjálpræðisins og sverð andans sem er Guðs orð og lýkur áminningunni á hvatningunni: „Gerid það með bæn og beiðni og biðjið í hverri tíð í anda.“ (Ef 6.10–18) Þegar Lúther íhugar baráttu Guðs við andstæðinga sína í sálmi sínum gerir hann það með ritningarstaði á borð við þessa í huga.

Fyrsta þýðing á íslensku

Sálmurinn „Ein feste Burg“ var fljótlega þýddur á önnur tungumál og dönsk þýðing hans leit dagsins ljós þegar árið 1531.⁹ Rúmum tuttugu árum síðar eða 1555 var sálmurinn þýddur á íslensku og kom út í Sálmabók Marteins Einarssonar sem var prentuð í Kaupmannahöfn.¹⁰ Sálmurinn er 35. eða síðasti sálmur í kveri hans. Þar er sálmurinn aðeins þrjú vers og fjórða versin vantar. Sálmurinn hefur að yfirskrift „*Deus noster refugium*“. Ps. xlii. Um þakkargjörð.“

Vor Guð hann er svo völdugt skjól,
verja fyrir oss og skjöldur,
hann leysir oss sú líknar sól
frá langri nauð oss heldur,
sá gamlí, grimmi óvin,
grípur hann allt til sín,
makt og margan prett,
mót oss hefur til sett,
á jörðu er ekki hans líki.

Vor eigin makt er einskis verð,
allir verðum snart unnir,
styrk hönd fyrir oss í stríð er gjörð,
stoltir þeir verða bundnir,
kann þú hann kenna hér,
Kristur hann heitir,
Drottinn alls herjar,
í dýrð einn Guð hann er,
hann skal sigurinn halda.

Þó veröldin djöfla væri full
og vildi oss alla gleypa,
óttumst vér ekki allt það krull,
að öngvu verður sú sneypa,
þó heimsins höfðingi hér,

⁹ S. Widding, *Dansk Messe, Tide- og Psalmesang 1528–1573*, bindi II: *Psalmesangen*, Kaupmannahöfn: Levin & Munksgaards Forlag, 1933 bls. 54–57 og Anders Malling, *Dansk salmehistorie* V, bls. 164–165.

¹⁰ Um íslenska sálmasögu sjá Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*, II. bindi, Reykjavík: Bókaverslun Guðm. Gamalielssonar, 1922 og Páll Eggert Ólason, *Upptök sálma og sálmalaga í lútherskum sið á Íslandi*, fylgirit Árbókar Háskóla Íslands, Reykjavík: Háskóli Íslands, 1924.

harðlega ybbi sér,
getur hann gjört ei prett,
því Guð hefur dæmt hann rétt,
eitt Guðs orð getur hann bundið.

Páll Eggert Ólason telur augljóst að Marteinn hafi þýtt sálminn úr dönsku.¹¹ Dönsku tengslin eru þó ekki augljós eða áberandi í fyrsta versu en frekar í 2. og 3. versu. Tök Marteins eru frumleg bæði í ljósi frumtextans og dönsku þýðingarinnar. Það sést sérstaklega í fyrsta versu þar sem „Burg“ er þýtt sem „skjól“ og Guði er í þriðju hendingu líkt við sól og nefndur „líknar sól“. Dönsku áhrifin eru meira áberandi í öðru og þriðja versu, t.d. niðurlagi 3. erindis, „eitt Guðs orð getur hann bundið“. Þýðingin er á margan hátt góð og að mestu rétt bæði um stuðlasetningu og rím. Orðalagið í þriðja erindi er skondið:

Þó veröldin djöfla væri full
og vildi oss alla gleypa,
óttumst vér ekki allt það krull,
að öngvu verður sú sneypa...

Í Sálmaþók og Grallara Guðbrands

Sálmurinn var ekki í Sálmaþók Gísla Jónssonar sem kom út 1558 en hins vegar í Sálmaþók Guðbrands 1589 og þar í nýrri þýðingu. Sálmurinn er á bls. cij–cij og er 152. sálmur í bókinni. Hann hefur yfirskriftina: „XLIIII. [á að vera XLVI] Psalm *Domine Refugium* er huggunar- og bænásálmur í ofsókn og mótgangi kristilegrar kirkju.“ Þessi yfirsögn eða yfirskrift er athyglisverð. Þarna er notað orðið Drottinn, *Dominus*, í ávarpsfalli, *Domine*, en eins og áður sagði er yfirskriftin beint úr Vúlgötu hjá Lúther: *Deus noster refugium et virtus*. Í Sálmaþók Guðbrands er textinn á þessa leið:

Óvinnanleg borg er vor Guð,
ágæta skjöldur og verja.
Hann frelsar oss vel úr allri nauð,
sem á oss kann að herja.
Sá illi óvin forn,
er nú ákafagjarn,
mörg svik og völdin verst
vígvel hans eru mest,
of stór við heims magt hverja.

Vor eigin máttur ekkert kann,
öll vor von strax er farin,
fyrir oss stríðir æðsti mann,
af sjálfum Guði kjörinn.

¹¹ Páll Eggert Ólason 1922, *Menn og mennir* II, bls. 58 og Páll Eggert Ólason 1924, *Upptök sálma og sálmalaga*, bls. 635.

Ef spyrð þú hans heiti að,
Herra Jesús er það,
Drottinn allsherjar einn,
ei er Guð annar neinn,
sá er jafnan sigrarinn.

Væri af djöflum veröld full
og vildi oss sveigja alla,
vel tækist þó vor efni öll,
ekkert skal oss því hrella.
Þessa heims höfðingi,
hræðilegur þó sé,
á oss ei orka kann,
áður er dæmdur hann,
eitt Guðs orð kann hann fella.

Þeir skulu öngvar þakkir fá,
það orð láta þó standa.
Sannur Guð er oss þó sjálfur hjá
með sínum gáfum og anda.
Taki þeir líf af oss,
sæmd, kvinnu, börn og góss,
allt það umlíðum vér,
ábati ei neinn þeim er,
arfi Guðs höldum án enda.

Í Grallara: Sannur Guð er oss sjálfur hjá

Sálmurinn er að líkindum þýddur úr þýsku og er næsta orðrétt þýðing. Hún er síðri en þýðing Marteins að rími, „Guð“ — „nauð“, „gjarn“ — „forn“. Eins er stuðlasetningu víða ábótavant. sbr. t.d.: „Þessa heims höfðingi / hræðilegur þó sé“.¹² Þýðingin var tekin upp í messusöngsbókina, Grallarann, sem lokasálmur 16.–18. sunnudag eftir þrenningarhátíð með lítills háttar lagfæringu eða leiðréttingu á prentvillu í þriðju línu þriðja vers.

Orðalag sálmsins í Sálmabók 1589 og Grallaranum virðist ekki sótt í orðalag 46. Sálmur í Guðbrandsbiblíu þar sem upphaf hans er þetta: „Guð hann er vort athvarf og styrkur, einn hjálpari út í þeim miklu ánauðum sem yfir oss hafa komið.“

Sálmabók 1801

Sálmabókin 1801 leysti Grallarann af hólmi. Hún nefndist *Evangelísk-krístileg Messusöngs- og Sálmabók að konunglegri tilblutun samantekin til almennilegrar brúkunar í kirkjum og heimabúsum*. Þar birtist sálmur Lúthers í nýrri þýðingu. Sálmurinn var nr. 97 og er á þessa leið:

¹² Svona stuðlasetning kemur raunar víða fyrir í íslenskum kveðskap á 16. og 17. öld líka hjá Hallgrími Péturssyni, sjá Helgi Skúli Kjartansson, „Son Guðs einn eingetinn. Athugun á sérstöku stuðlamynstri í Passíusálmum“, *Són. Tímarit um óðfræði* 1/2013, bls. 33–44.

Óvinnanleg borg er vor Guð
oss hann best verndað getur.
hann gaf oss styrk í hverri nauð,
hættunum takmörk setur.
Ill girnd óvinur vor
eflir í gegn oss þor,
hennar eru vél og völd
víst hættuleg, margföld,
hún Guðs veg ganga letur.

Vor eigin máttur veikur er,
vor þróttur strax er farinn,
einn oss í þrautum aðstoð tér
af Guði þar til kjörinn.
Ef spyr þú hans heiti að,
Herrann Jesús er það,
oss frelsað hefir hann,
hver má viðjafnast þann?
Sá er jafnan sigrarinn.

Illþýðis blinda æði her
oss þó hann vilji hrella,
vér óttumst ei, vor Jesús er
vort traust og hjálparhella.
Hann dramb og heimsins makt
hefir að velli lagt,
hver sem finnst honum trúr
háskasemd leysist úr,
þann má heims flærð ei fella.

Vörn, huggun Jesú heilagt orð,
heims er gegn villusnörum,
ofbeldi hræðumst ei né morð,
allir hugstyrkir svörum.
Þó missa verðum vér
í veröld hvað kærast er,
auðnu, líf, allt vort hér,
ávinning dauðinn lér,
til Guðs í fullsæld förum.

Þessar breytingar á sálminum, sem Magnús Stephensen (1762–1833) var höfundur að, bættu engan veginn kveðandi hans nema síður sé. Mun heldur er um að ræða hliðstæð rímlýti og skakksetta höfuðstafi¹³ og í gömlu þýðingunni, „Guð“ — „nauð“ og „vér

¹³ Sbr. „Rustasneið“ Jóns Þorlákssonar á Bægisá (1744–1819), „Skáldskapur þinn er skothent klúður/skakksettum höfuðstöfum með...“, *Ljóð.is*. Sótt af http://www.ljod.is/index.php/ljod/view_poem/10048. Skoðuð 15. mars 2014.

óttumst ei vor Jesús er / vort traust og hjálparhella“. Það er því líkast að þýðandi notist við þýðinguna úr Grallaranum en felli ný guðfræðileg áhersluatriði inn í gamla sálminn. Fyrirmynd þeirra breytinga er að finna í þeirri dönsku sálmabók sem útgefendur Sálmabókar 1801 studdust við. Sú sálmabók kom út 1798 og nefndist *Evangelisk-kristelig Psalmebog til Brug ved Kirke- og Huus-Andagt*.¹⁴ Þar var sálmur Lúthers í nýrri danskri þýðingu eftir Werner Abrahamsson (1744–1812) og fylgir Magnús Stephensen sálmi hans.¹⁵ Í þessari nýju þýðingu er dregið úr áherslu frumsálmisins á synd mannsins og hversu ófær hann sé að bjarga sjálfum sér. Eins er dregið úr áherslu Lúthers á guðdóm Jesú. Í staðinn er kennt að maðurinn sé veikur andspænis freistingum og Jesús sé fyrst og fremst hinn dygðugi maður og fari sem slíkur með sigur af hólmí. Þar með er það dygðin, upplýsingin, sem sigrar að lokum. Óvinurinn forni og illi er líka burtskýrður og sagður vera vont hugarfar manna og gengur Magnús lengra en danska fyrirmyndin í að afskrifa djöfulinn.

Sálmabók 1871

Sálmabók 1801 var gagnrýnd þegar er hún kom út en þrátt fyrir það var hún endurprentuð alls þrettán sinnum, síðast 1866.¹⁶ Gagnrýnin á bókina jókst eftir því sem tíminn leið og jafnframt komu fram eindregnari óskir um endurskoðun hennar. Helgi biskup Thordersen (1794–1867) lét undan þrýstingi og skipaði nefnd til að útbúa viðbæti við Sálmabókina sem ætti að verða til undirbúnings nýrri sálmabók. Formaður nefndarinnar var séra Stefán Thorarensen (1831–1892) á Kálfatjörn. Viðbæturinn kom út 1861. Í honum voru nokkrir sálmar eftir Lúther sem höfðu ekki verið í Sálmabók 1801 og voru þeir í þýðingu séra Stefáns.¹⁷ Viðbætinum var vel tekið og nýr biskup, Pétur Pétursson (1808–1891) skipaði nýja sálmabókarnefnd árið 1867 sem skyldi endurskoða sálmabókina og var séra Stefán skipaður formaður nefndarinnar. Nefndinni voru settar nokkuð þröngar skordur í erindisbréfi sínu og þess vegna gat endurskoðunin ekki orðið sú sem margir höfðu vænst. Þeirra á meðal var Helgi Hálfðánarson (1826–1894) prestaskólakennari. Hann var beðinn að taka sæti í nefndinni en neitaði því af því að honum hafði þótt nauðsynlegt að efna til nýrrar sálmabókar í stað þess að staðnæmast við endurskoðun á Sálmabók 1801 eins og biskup vildi.¹⁸ Hin nýja endurskoðaða sálmabók kom út 1871 og nefnist Sálmabók til að hafa við guðsþjónustugjörð í kirkjum og heimahúsum. Í henni voru hinar nýju þýðingar Stefáns Thorarensens á sálum Lúthers úr viðbætinum 1861 og eins ný þýðing á sálmi Lúthers „Ein feste Burg“ eftir Helga Hálfðánarson.¹⁹ En Stefán Thorarensen hafði líka

¹⁴ Jörgen Kjærgaard, *Salmehåndbog*, København: Det kongelige Vajsenhus' forlag, 2013, bindi I, bls. 149–163.

¹⁵ Anders Malling, *Dansk salmehistorie* V, bls. 166–167 (textinn sem Magnús þýðir er á bls. 167).

¹⁶ Sjá Einar Sigurbjörnsson, „Sálmabók 1801“, *Kristni á Íslandi*, bindi IV: *Til móts við nútímann*, ritstj. Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 18–22. Sjá og Einar Sigurbjörnsson, „Sálmabók 1871 – Sálmabók 1886“, *Kristni á Íslandi*, bindi IV: *Til móts við nútímann*, ritstj. Þórunn Valdimarsdóttir og Pétur Pétursson, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 30–33.

¹⁷ Sjá Einar Sigurbjörnsson 2013, „Sálmar Lúthers“, bls. 53–89.

¹⁸ Sjá minningarorð um Stefán Thorarensen, *Kirkjublaðið, mánaðarrit handa íslenskeri alþjóðu* 7/1892, bls. 108; sjá og Jón Helgason, „Helgi lektor Hálfðánarson. Æfiminning í tilefni af aldarafmæli hans.“ *Prestafélagsritið. Tímarit fyrir kristindóms og kirkjumál* 1/1926, bls. 1–77, hér bls. 41–44.

¹⁹ Árið 1873 gaf Helgi út kver með 75 sálmaþýðingum sem nefnist *Sálmar útlagðir úr ýmsum málum* og geymdi kverið fjölbreytt úrval sígildra og nýrra sálma. Þar er þó enginn sálmur eftir Lúther en í formála segir Helgi að það stafi ekki af því að hann kannist ekki við ágæti sálma hans enda hafi hann borið við að útleggja flesta þeirra og muni, ef Guð lofar, reyna að ljúka við útleggingu þeirra allra. Helgi Hálfðánarson, *Sálmar útlagðir úr ýmsum málum*, Reykjavík: Prentsmiðja Íslands, 1873 bls. III.

gert tilraun til að þýða sálminn. Það kemur fram í bréfi sem Stefán skrifar Helga 10. nóvember 1868.²⁰ Þar segir hann á þessa leið:

Hjartkæri ástvinur minn.

Ég hef nú setið með sveittan skalla að skrifa upp sálmaþókarhandrit í langan tíma, þegar ég hefi ekki átt öðru að gegna, en nú ber vel að hendi að ég er kominn aftur að hersöngnum hans Luthers einmitt í dag, á afmælisdag karlsins, og það er líka bezt að ég haldi afmælisdaginn hans með því að skrifa þér um þennan sálm hans.

Samkvæmt bréfi þessu vinnur séra Stefán við að ganga frá handriti sálmaþókarinnar til prentunar og vill fá „hersöng Lúthers“ í nýrri þýðingu. Seinna í bréfinu kemur fram að hann getur valið milli tveggja þýðinga, annars vegar sinnar eigin og hins vegar þýðingar sem Helgi Hálfðánarson hefur sent honum. Stefán er vel undirbúinn og hefur lesið vel frumsálm Lúthers. Því fjallar hann um uppkast Helga að nýrri þýðingu af mikilli þekkingu. Hann hrósar verki Helga jafnframt því sem hann kemur með nokkra gagnrýni. En hann vill halda þýðingu hans og ekki eigin þýðingu og vonar að Helgi samþykki að þýðing hans birtist í sálmaþók. Það er auðvelt að lesa milli línanna að séra Stefán hefur viljað meiri endurnýjun sálma og m.a. fleiri nýjar þýðingar á sálum Lúthers en Helgi verið tregur til og þess vegna hafi Stefán neyðst til að reyna að þýða sálminn sjálfur. Hann nefnir tilraun sína bæði „böggling“ og „handarskömm“ og það væri „hrópleg synd“ af Helga að vilja ekki að þýðing hans kæmi í Sálmaþók. En Stefán ítrekar í bréfinu til Helga að hann vilji ekki vinna frekar við þýðingu sína enda þótt hann virðist hafa fengið til þess uppörvun frá Helga Hálfðánarsyni. Orðrétt segir hann:

Þú sérð þá eitt af þessu öllu og það er það að ég hefi haft fullan hug á að fá betri útl.[eggingu] af þessum sálmi [Lúthers] í bókina en þar var fyrst ég fór að reyna við hann sjálfur í óyndisúrræðum þegar ég sá mitt óvænna um að þú mundir ætla að hjálpa kirkjunni um þína útl. — Þú sérð það líka að það væri hrópleg synd af þér ef þú neyddir mig til að láta handarskömmina mína í bókina (af því hún er kannske ekki eins óþolandi og sú sem höfð hefur verið) þegar þú hefur svo miklu betri útlekkingu.

„Handarskömm“ hans Stefáns eða „bögglingur“ er á þessa leið:

Vor Guð er öflug herborg há,
sú hlíf er bilar eigi.
Hann öllum nauðum frelsar frá
svo frammar granda' ei megi;
hinn gamli fjandi fer
með flærð og illsku her
og geysigrimmd um jörð,
hann Guðs vill týna hjörð,
sá vargur voðalegi.

Vor eigin þróttur ekkert má,
vér einir hlytum falla,

Nokkrar þýðingar Helga úr þessu kveri og auk þess nokkrar Lúthersþýðingar hans komu í *Sálmaþók til kirkju- og heimasöngs*, Reykjavík: Kostnaðarmaður Sigf. Eymundsson, 1886.

²⁰ Bréf sr. Stefáns og uppkast að þýðingu í Lbs 2838 4to.

en mað' rinn rétti' oss með berst sá,
Guðs mildi' er til réð kalla.
Sé nafn hans þekkt ei þér,
það Jesús Kristur er,
í þrenning er hann einn
og annar Guð ei neinn,
hann sigrar illsku alla.

Og djöflum þó að þektist jörð
og þeir oss vildi gleypa eða: og þráðu oss sólgnir/jafnvel gleypa,
vér óttumst vart þau aðköst/áhlaup/umrót hörð

þau yrði makleg sneypa.

Heims þessa höfðingi

þó hræðilegur sé,

dómfelldur hart er hann,

eða: dóm fengið hefur hann

nú honum sérhver kann

með einu orði steypa.

Undirstrikanir St.Thor.

Og víst að þakkarlausu þeim

skal það orð fá að standa.

undirstrikanir hans

Hjá oss er góður Guð í heim

með gjöfum heilags anda.

Þó líf vort, frændur fé

eða: Líf, mannorð, frændur fé

á fjenda valdi sé

þó fjenda' á valdi sé,

það oss síst angurs fær,

þeir eru hvergi nær:

oss vinnst hnoss lífsins landa.

eða: Erfð vinnst oss lífsins landa

eða: En hjálpa' oss lífs til landa

Þessi þýðing séra Stefáns eða uppkast að þýðingu er sannarlega „ekki eins óþolandi og sú sem höfð hefur verið“ þ.e.a.s. þýðing Magnúsar Stephensens og þýðing sálmsins í Grallaranum en samt sem áður ekki góð enda aðeins um uppkast að ræða. Margar lausnir Stefáns eru þó snjallar, t.d. fyrsta hendingin í fjórða versni (burtséð frá rangri þágufallsmynd orðsins heimur). Athyglisvert er líka að sjá að Stefán notar sömu orð í þriðja versni og Marteinn Einarsson í sinni þýðingu „gleypa“ — „sneypa“. Þó er útilokað að Stefán hafi séð þýðingu hans því að hið eina eintak sem til er að Sálmakveri Marteins var í Kaupmannahöfn og ekki fyrir almenningssjónum hér á landi.²¹ Því miður hef ég ekki séð frumútgáfu Helga eða athugasemdir hans við þýðingu Stefáns en Helgi hefur samþykkt að þýðing hans birtist í Sálmaabók 1871 og þar er hún á þessa leið — (Sálmaabók 1871 nr. 138):

Vor Guð er borg á bjargi traust,
hið besta sverð og verja,

²¹ Sjá Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* II, bls. 634–635; Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*, Reykjavík: [fjölrituð doktorsritgerð], 1993 bls. 23.

hans armi studdir óttalaust
vér áras þolum hverja.
Nú geyst, því gramur er,
hinn gamli óvin fer,
hans vald er vonskunægð,
hans vopn er grimmd og slægð,
á oss hann hyggst að herja.

Með eigin kröftum enginn verst,
þó eitt má frelsun valda:
hinn rétti maður með oss berst,
er mannkyns skuld réð gjalda.
Sá heitið háleitt ber,
það heiti „Jesús“ er,
hann Guðs er eðlis einn,
ei annar slíkur neinn.
Hann víst mun velli halda.

Þótt djöflum fyllist veröld víð,
þeim vinnst ei oss að hrella,
því Jesús vor oss veikum lýð
er vörn og hjálparhella.
Þó mannkyns morðinginn
nú magni fjandskap sinn,
hann engu orka kann,
því áður dóm fékk hann.
Eitt orð má fljótt hann fella.

Það orð þeir skulu, — og óþökk fá, —
um aldir láta standa,
því oss er sjálfur Herrann hjá
með helgri gjöf síns anda.
Þó taki fjendur féð,
já, frelsi' og líf vort með,
það happ þeim ekkert er,
en arfi höldum vér.
Þeir ríki Guðs ei granda.

Þýðing Helga Hálfðánarsonar er góð og nær hugsun frumtextans vel auk þess að vera góður kveðskapur. Fyrsta hendingin í fjórða versni er þó mjög vandræðaleg og var henni strax breytt í næstu útgáfu sálmbókarinnar. Hún kom þegar 1886 undir heitinu *Sálmbók til kirkju- og heimasöngs*. Þar er þýðing Helga nr. 420 og upphafshendingu í fjórða versni hafði verið breytt og eins hafði samtengingunni „þó“ í 3. og 4. versni verið breytt í „þótt“.²² Í

²² Þýðing Helga er óbreytt í Sálmbók 1945, *Sálmbók til kirkju- og heimasöngs*, Reykjavík: Forlag Prestekknasjóðsins, 1945, nr. 413.

núgildandi sálmaþók, sem kom fyrst út 1972 undir heitinu *Sálmaþók íslensku kirkjunnar*, var næst síðustu línu í öðru versni breytt til samræmis við frumtextann úr „ei annar slíkur neinn“ í „og annar Guð ei neinn“. Útgáfa sálmsins í núgildandi Sálmaþók er á þessa leið:

Vor Guð er borg á bjargi traust,
hið besta sverð og verja,
hans armi studdir óttalaust
vér árás þolum hverja.
Nú geyst, því gramur er,
hinn gamli óvin fer,
hans vald er vonskunægð,
hans vopn er grimmd og slægð,
á oss hann hyggst að herja.

Með eigin kröftum enginn verst,
þó eitt má frelsun valda:
hinn rétti maður með oss berst,
er mannkyns skuld réð gjalda.
Sá heitið háleitt ber,
það heiti „Jesús“ er,
hann Guðs er eðlis einn,
og annar Guð ei neinn.
Hann víst mun velli halda.

Þótt djöflum fyllist veröld víð,
þeim vinnst ei oss að hrella,
því Jesús vor oss veikum lýð
er vörn og hjálparhella.
Þótt mannkyns morðinginn
nú magni fjandskap sinn,
hann engu orka kann,
því áður dóm fékk hann.
Eitt orð má fljótt hann fella.

Hver óvin Guðs skal óþökk fá
hvert orð vors Guðs skal standa,
því oss er sjálfur Herrann hjá
með helgri gjöf síns anda.
Þótt taki fjendur féð,
já, frelsi' og líf vort með,
það happ þeim ekkert er,
en arfi höldum vér.

Þeir ríki Guðs ei granda. (*Sálmaþók íslensku kirkjunnar* nr. 284)